

# Áveitan

8. tbl. 6. árgangur. Ágúst 2012

## 15. Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi

Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka hvetja alla íbúa Flóahrepps og aðra lesendur Áveittunnar til að kíkja á Unglingalandsmót UMFÍ sem fram fer á Selfossi um helgina. Dagskrá mótsins má finna á vefsíðu Unglingalandsmóts og aftar hér í blaðinu: [www.ulm.is](http://www.ulm.is)

## Samhygðar- og Vökumót 2012 á Selfossvelli 2. september

Sunnudaginn 2. september fer fram Samhygðar- og Vöku mótið í frjálsum íþróttum á íþróttavellinum á Selfossi. Keppni hefst kl. 13:00 stundvíslega og verða keppnisgreinar sem hér segir.

**Konur:** 100 m, langstökk, hástökk, kúluvarp, kringlukast og 800 m.

**Karlar:** 100 m, langstökk, hástökk, kúluvarp, spjót kast og 1500 m.

Nokkur nýbreytni er á framkvæmd mótsins að þessu sinni en afráðið var að halda mótið á nýjum keppnisvelli Selfyssinga þar sem aðstæður til frjálsíþróttaiðkunar eru eins og best verður á kosið. Eins hefur keppnisgreinum verið fækkað um eina hjá báðum kynjum og verður ekki keppt í þristökki þetta árið. **Kaffi og verðlaunaafhending verða síðan á sínum stað að móti loknu.**

**Við hvetjum sem flesta til að koma og taka þátt eða fylgjast með og hvetja keppendur til dáða.**

Umf. Samhygð



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

## Frá sveitarstjóra

### Húsvörður við Flóaskóla

Í framhaldi af viðræðum sveitarstjórnar við rekstarstjórn félagsheimila Flóahrepps og formenn þeirra félaga sem eiga félagsheimilið Þjósárver með Flóahreppi hefur verið ákveðið að ráðinn verði húsvörður við Flóaskóla sem annast mun vörslu allra eigna sveitarfélagsins á Villingarholti.

Talið var eðlilegt að starfsemi Þjósárvers færi að mestu leyti undir yfirstjórn skólans í ljósi þess að mötuneyti og íþróttaaðstaða er í húsinu. Meðeigendur hússins, ungmennafélagið Vaka og kvenfélag Villingaholtshrepps hafa þó eftir sem áður aðgengi að Þjósárveri fyrir æfingar og viðburði í samráði við skólastjóra. Einnig munu íbúar hafa aðgengi að félagsheimilinu með svipuðu sniði og verið hefur. Skólastjóra hefur verið falið að auglýsa starf húsvarðar.

### Hrossarekstur um þjóðvegi

Nokkuð hefur borið á kvörtunum vegna hrossareksturs um og með vegum sveitarfélagsins. Sveitarstjórn vill hvetja bæði ábúendur og hrossaeigendur til að sýna fyllstu aðgát og tillitssemi þegar hross eru rekin með vegum.

### Samningur við nemendur 10. bekkjar í Flóaskóla

Samþykkt hefur verið að óska eftir því við nemendur 10. bekkjar í Flóaskóla að þeir aðstoði starfsmenn skóla við gæslu í mötuneyti og í frímínútum skólaárið 2012-2013. Samningur við nemendur yrði sambærilegur samningi sem gerður var skólaárið 2011-2012 en það samstarf gekk afar vel og var í alla staði til fyrirmyndar.

### Svæðisskipulag

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 4. júlí s.l. var lagt fram erindi frá bæjarráði Árborgar dags. 15. júní 2012 þar sem óskað er eftir því við Flóahrepp og sveitarfélagið Ölfus að hafin verði vinna við svæðisskipulag. Sveitarstjórn samþykkti að fresta afgreiðslu og afla frekari upplýsinga.

### Álagningarskrá

Álagningarskrá einstaklinga árið 2012 liggur frammi á skrifstofu Flóahrepps til og með 8. ágúst næstkomandi á opnunartíma skrifstofunnar.

## **Kornsláttur-kornþresking**

Flóakorn ehf. býður upp á kornslátt nú eins og undanfarin haust. Öflug og góð tæki, bændur eru hvattir til að undirbúa sig vel, því þá mun þresking ganga vel.

10% afsláttur frá gjaldskrá fram til 10. sept. Bændur er hvattir til að nýta sér það og sleppa ekki þurrum dögum.

Sigmar í Jaðarkoti sér um tæki og tekur við pöntunum í síma 696 8653

## **100 ára afmæli Villingaholtskirkju**

Villingaholtskirkja var vígð 1912 og er því 100 ára á þessu ári. Í tilefni af því verður hátíðarmessa í kirkjunni sunnudaginn 26. ágúst n.k. kl. 13.30. Prestar kirkjunnar, sr. Óskar H Óskarsson og sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson þjóna, predikun verður á höndum sr. Kristins.

Hermundur Guðsteinsson syngur einsöng. Kór kirkjunnar syngur undir stjórn Inga Heiðmars Jónssonar organista.

Að lokinni messu býður Kvenfélag Villingaholtshrepps kirkjugestum til kaffisamsætis í Þjórsárveri.

Allir hjartanlega velkomnir

f.h. sóknarnefndar  
Sólveig Þórðardóttir

## **Myndlistarsýning**

verðum með myndlistasýningu í Gimli Stokkseyri um verslunarmannahelgina 3,4 og 5 júlí, það verður opið frá 13:00 til 18:00.

Sigrún Sigurðardóttir  
Ásdís Hoffritz

## Frá UMF Vöku

### Ungmennafélagsreiðtúrin

Farið verður í hinn árlega reiðtúr ungmennafélagsins laugardaginn 25. ágúst. Ákveðið hefur verið að þessu sinni að fara Hróarholtshringinn en Lútandinn hefur haldist nokkuð þurr og góður í sumar þannig hann ætti ekki að valda okkur neinum vandræðum.

Mæting er kl 13:30 við Þjórsárver en fólk getur síðan bæst í hópinn á leiðinni. Hver og einn tekur með sér nesti sem verður borðað einhversstaðar á leiðinni. Fjölmennt var í fyrra en vonumst við til að sjá svipaða þáttöku í ár enda er fátt eins skemmtilegt og að vera á hestum með hópi af góðu fólki. Allir eru velkomnir, á öllum aldri, á þjálfuðum sem óþjálfuðum hestum og vonumst við til að sjá sem flesta.

Skemmtinefnd

### Hjólarallý!!!

Ákveðið hefur verið að endurvekja hið þrususkemmtilega og sívinsæla hjólarallý sem haldið var hér árum áður. Verður það haldið í Breiðholtsgrýfjunum (við Hurðarbaksveg) fimmtudagskvöldið 16. ágúst kl 20.30. Um er að ræða 3-4 mismunandi hjólabrautir sem reyna á tækni og snilli hjólreiðakappans. Sem dæmi má nefna torfærubraut, tímaþraut og síðan verður stökkpallur fyrir þá sem þora. Mikil vísindi eru á bak við þetta en farið verður eftir sérstökum hjólarallýs-reglum og verða dómara á staðnum sem sjá um stigagjöf.

Allir krakkar eru velkomnir svo lengi sem þeir eru með hjól í lagi og hjólahjál. Sjoppa verður á staðnum með e-ð gotteri og einnig verður sala á Þjótandabolum á 1500 kr.

Nú er bara um að gera að fara að þússa upp hjólið og æfa sig.

Vonumst við til að sem flestir geti komið og skemmt sér saman á einu af þessum síðustu sumarkvöldum þessa sumars.

Umf. Vaka

## Flóamót 2012

Föstudaginn 31. ágúst næstkomandi fer Flóamótið í frjálsum íþróttum fram á íþróttavellinum við Þjórsárver. Mótið hefst að lokinni kennslu í Flóaskóla. Verður nánar auglýst síðar í skólanum.

Ungmennfélögin Baldur, Samhygð og Vaka standa fyrir mótinu og er öllum börnum á grunnskólaaldri í Flóahreppi boðið að taka þátt og spreyta sig í fjölbreyttri og skemmtilegri keppni.

Keppt mun verða í eftirfarandi greinum:

1.-4. bekkur: 60 m hlaup, langstökk, 400 m hlaup.

5.-7. bekkur: 60 m hlaup, langstökk, kúluvarp, 400 m hlaup.

8.-10. bekkur: 100 m hlaup, langstökk, kúluvarp, 800 m hlaup.

Foreldrar eru hvattir til að fylgja börnum sínum á mótið, þeim til stuðnings og hvatningar. Sérstaklega er þess óskað að foreldrar barna í 1. - 4. bekk fylgi sínum börnum eftir. Börnin taka þátt í mótinu á ábyrgð foreldra sinna ekki ungmennafélaganna.

Að keppni lokinni verður öllum keppendum veitt viðurkenning fyrir þátttökuna auk þess sem boðið verður upp á hressingu.

### Ungmennafélögin

#### *Úrslit af íþróttamótum*

Haraldur Einarsson

Bjarni Már Ólafsson

*86. Meistaramót Íslands*

100 m. undanrásir

6. 11,23 sek.

200 m.

5. 22,69 sek. ( undanrásir 23,21 sek)

*86. Meistaramót Íslands*

þrístökk

2. 14,06 m. (Vökumet)

*Akureyrarmót*

Langstökk

1. 6,49 m.

100 m.

2. 11,11 sek

## Dagskrá 15. Unglingalandsmóts UMFÍ á Selfossi 3-5 ágúst 2012

### Fimmtudagur 2.ágúst:

<i>Tími</i>	<i>Staður</i>	<i>Viðburður</i>
09:00-24:00	FSU	Móttaka gesta
22:00	FSU	Upplýsingafundur
21:00-23:00	Risatjald við tjaldsvæði	Kvöldvaka: Magnús Kjartan & DJ.Sveppz

### Föstudagur 3.ágúst:

<i>Tími</i>	<i>Staður</i>	<i>Viðburður</i>
08:00-19:00	Svarfhólsvöllur	Golf
08:00-19:00	Iða	Körfubolti
08:00-19:00	Vallaskóli	Körfubolti
08:00-20:00	FSU	Móttaka gesta / upplýsingamiðstöð
10:00-16:00	Selfossvöllur	Frjálsíþróttir
10:00-18:00	Selfossvöllur	Knattspyrna
13:00	Útisvið	Barna-hæfileikakeppni / Karaoke
13:30-14:30	Þrastalundur	Gönguferð um Þrastaskóg. Leiðsögn: Björn B. Jónsson.
14:00	Útisvið	Dagskrá í umsjá Félagsmiðstöðvarinnar Zelsiuz
14:00-16:00	Selfossvöllur	Leiktæki fyrir yngstu börnin
14:00-18:00	Hátíðarsalur FSU	Taekwondo
15:00	Útisvið	Skemmtidagskrá
15:00	Iða	Sögustund fyrir yngstu börnin
15:00-	Kennslustofa FSU	Starfsíþróttir / stafsetning
16:00	Útisvið	Mínútuþraut – Minute To Win It
20:00-21:00	Selfossvöllur	Mótssetning
	Selfossvöllur	Afhjúpun Bautasteins
21:30-23:00	Tjaldsvæði	Leiktæki fyrir stóra og smáa
21:30-23:30	Risatjald við tjaldsvæði	Kvöldvaka: Ingó og Veðurguðirnir

### Laugardagur 4.ágúst:

<i>Tími</i>	<i>Staður</i>	<i>Viðburður</i>
08:00-19:00	Svarfhólsvöllur	Golf
08:00-13:00	Iða	Körfubolti
08:00-23:00	Vallaskóli	Körfubolti
08:00-18:00	FSU	Móttaka gesta / upplýsingamiðstöð
10:00-14:00	Sundhöll Selfoss	Sund
12:00	Sundhöll Selfoss	Sundleikar barna yngri en 10 ára
13:30	Sundhöll Selfoss	Sundleikar barna yngri en 10 ára
09:00-18:00	Selfossvöllur	Knattspyrna
10:00-15:00	Hátíðarsalur FSU	Boccia fatlaðra
10:00-16:00	Selfossvöllur	Frjálsíþróttir
09:00-17:00	Brávellir	Hestaíþróttir
13:00	Útisvið	Barna-hæfileikakeppni / Karaoke
13:00-16:00	FSU	Skák
15:00-	Iða	Dans
13:30-14:30	Landsbankinn	Gönguferð um Selfoss. Leiðsögn: Þór Vigfússon
14:00	Útisvið	Dagskrá í umsjá Félagsmiðstöðvarinnar Zelsiuz

14:00-15:00	Hrísmýri	Motocross ( skoðun )
14:00-16:00	Selfossvöllur	Leiktæki fyrir yngstu börnin
15:00	Útisvið	Skemmtidagskrá
15:00	Iða	Sögustund fyrir yngstu börnin
15:00-18:00	Selfossvöllur	Glíma
16:00	Útisvið	Minútuþraut – Minute To Win It
16:30-18:00	Selfossvöllur	Frjálsíþróttaleikar
19:00-20:30	Tjaldsvæði	KSÍ fótboltaþrautir
20:00-22:30	Tjaldsvæði	Leiktæki fyrir stóra og smáa
20:00-23:30	Risatjald á tjaldsvæði	Kvöldvaka: DJ Sveppz. Zumba dansinn. Úlfur úlfur og Stuðlabandið

### Sunnudagur 5. ágúst:

<i>Tími</i>	<i>Staður</i>	<i>Viðburður</i>
08:00-13:00	Iða	Körfubolti
08:00-21:00	Vallaskóli	Körfubolti
08:00-18:00	FSU	Móttaka gesta / upplýsingamiðstöð
10:00-15:00	Sundhöll Selfoss	Sund
09:00-18:00	Selfossvöllur	Knattspyrna
10:00-15:00	Hrísmýri	Motocross
10:00-16:00	Selfossvöllur	Frjálsíþróttir
11:00-16:00	Brávellir	Hestaiþróttir
13:00	Útisvið	Barna-hæfileikakeppni
15:00-	Iða	Fimleikar
13:30-14:30	Nettó	Gönguferð um Selfoss. Leiðsögn: Bjarni Harðarson
14:00	Útisvið	Dagskrá í umsjá Félagsmiðstöðvarinnar Zelsiuz
14:00-16:00	Selfossvöllur	Leiktæki fyrir yngstu börnin
15:00	Útisvið	Skemmtidagskrá
15:00	Iða	Sögustund fyrir yngstu börnin
15:00-	Hátíðarsalur FSU	Starfsíþróttir / upplestur
16:00	Útisvið	Minútuþraut – Minute To Win It
16:00-18:00	Við FSU	Skotkeppni í körfubolta
20:00-22:00	Tjaldsvæði	Leiktæki fyrir stóra og smáa
21:00-23:00	Risatjald við tjaldsvæði	Kvöldvaka: DJ Sveppz. Jón Jónsson og hljómsveit. Blár Opal
23:15	Risatjald við tjaldsvæði	„Skrúðganga“ á Selfossvöll
23:45	Selfossvöllur	Mótsslit
00:00	Selfossvöllur	Flugeldasýning



**RAFVERKTAKAR  
SELFOSSI**

Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

## Munið æfingar ungmennafélaganna:

Á þriðjudagskvöldum kl. 19-20 á íþróttavellinum við Þjósárver. Tómas Karl Guðsteinsson þjálfar.

Á þriðjudagskvöldum kl. 20-21 í Einbúa. Rúnar Hjálmarsson þjálfar.

## Ungmennafélögin

### Dagskrá mánaðarins

Unglingalandsmót UMFÍ	3.-5. ágúst
Æfing Þjósárveri	7. ágúst
Æfing Einbúa	7. ágúst
Æfing Þjósárveri	14. ágúst
Æfing Einbúa	14. ágúst
Hjólarallý í Breiðholtsgrýfjum	16. ágúst
Æfing Þjósárveri	21. ágúst
Æfing Einbúa	21. ágúst
Ungmennafélagsreiðtúr UMF Vöku	25. ágúst
Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju	26. ágúst
Æfing Þjósárveri	28. ágúst
Æfing Einbúa	28. ágúst
Flóamótið við Þjósárver	31. ágúst
Samhygðar- og Vökumót á Selfossvelli	2. sept

**Tökum að okkur allar gerðir mannvirkja.**

**Nýsmíði, viðhald, breytingar.**

**Erum með traktors- og beltagröfu.**

**Kríutangi ehf**

**Vorsabæ**

**Stefán Helgason Húsasmíðameistari**

**S:893-4933**